

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Víðistaðasvæðis.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 27. maí 2008 breytingu á deiliskipulagi Víðistaðasvæðis í Hafnarfirði. Breytingin felst í að afmarkað er svæði fyrir brennur/strandblakvöll á norðurhluta Víðistaðatúns. Nýr byggingarreitur er við tjaldsvæðið sunnan skátaheimilisins, heimilt er að byggja allt að 80 m² hús á einni hæð, hámarksvegghæð er 4 m. Jafnframt er gert ráð fyrir byggingarreit við Víðistaðakirkju þar sem heimilt er að reisa 25 m háan kirkjuturn.

Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns 2. áfanga, Gjáhella 1.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 28. maí 2008 breytingu á deiliskipulagi Hellnahrauns 2. áfanga, Gjáhella 1 í Hafnarfirði. Breytingin felst í að byggingarreitur er stækkaður þar sem heimilt er að reisa hálfþak yfir útigeymslusvæði og tveggja hæða útbýggingu við núverandi byggingu. Jafnframt er gert ráð fyrir nýrri vegtengingu við Álfhelli.

Breyting á deiliskipulagi Valla 3. áfanga, Bjarkavellir 3.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 10. júní 2008 breytingu á deiliskipulagi Valla 3. áfanga, Bjarkavellir 3 í Hafnarfirði. Breytingin felst í að í stað leikskóla/námsmannaíbúða á 4 hæðum er gert ráð fyrir leik- og grunnskóla á 2-3 hæðum. Byggingarreitur breytist og stækkar til suðurs. Heimilt er að vera með kjallara undir hluta hússins. Hámarkshæð húss er 12,8 m og hámarksnýtingarhlutfall er 0,45. Að öðru leyti gilda skipulagsskilmálar fyrir Velli 3. áfanga.

Farið var með ofangreindar deiliskipulagsbreytingar samkvæmt 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og þær yfirfarnar af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 30. júní 2008,

Anna Sofía Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 14. júlí 2008